

Ed.

23. Frumvarp

til laga um mjólkursölu á Ísafirði.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilað að setja ákvæði um allt, er lýtur að meðferð og gæðum rjóma og mjólkur, er selja á i kaupstaðnum, svo og um tölu og legu útsölastaða þeirra vörutegunda. Heimilt er henni og að ákveða, að enginn megi standa fyrir sölu til almennings á mjólk eða rjóma, nema hann hafi til þess leyfi heilbrigðisnefndar, enda geti hún svift þann leyfinu, er það hefir fengið, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Bæjarstjórn setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með mjólkurmeðferð og sölu mjólkur og rjóma.

3. gr.

Meðan mjólkurskortur er i kaupstaðnum, er bæjarstjórn heimilt að

banna sölu á mjólk eða rjóma til neyslu á sölustaðnum og veitingahúsum, svo og notkun mjólkur og rjóma til niðursuðu eða til sælgætis, sem gert er í brauðgerðarhúsum eða í sambandi við aðra atvinnu, til sölu handa almenningi.

4. gr.

Þegar svo stendur á, sem í 3. gr. segir, er bæjarstjórninni og heimilt að selja reglur um úthlutun mjólkur, svo sem með mjólkurseðlum eða á annan hátt, eftir því sem henta þykir.

5. gr.

Rjett er bæjarstjórn að leggja sektir við, allt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum þeim, er hún setur samkvæmt 1.—4. gr. Renna þær sektir í bæjarsjóð.

6. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum þeim, sem bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr., skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

7. gr.

Ákvæði, er bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr. laga þessara, liggja undir samþykki stjórnarráðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Mjólkurskortur mun áreiðanlega tilfinnanlegastur á Ísafirði af öllum kaupstöðum landsins. Á síðustu árum hafa risið þar upp 3 veitingahús, og taka þau talsverðan hluta af mjólkurbirgðum bæjarins. Því hefir bæjarstjórnin skorað, á mig að bera fram lagafrumvarp, er bæti úr þessu. Frumvarpið má heita samhljóða lögum um sölu mjólkur í Reykjavík, er síðasta þing setti.